

Skrifstofa menntamála og vísinda.

Á skrifstofu menntamála og vísinda er fjallað um málefni er varða menntun á öllum skólastigum þ.e. á leikskóla-, grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigi. Fjallað er um fullorðinsfræðslu, fjarkennslu, vísindarannsóknir, námslán og námsstyrki.

Á verksviði skrifstofunnar eru m.a. leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar og háskólar, vísindastofnanir svo og Lánasjóður ísl. námsmanna.

Skrifstofa menningarmála.

Á skrifstofu menningarmála er fjallað um menningarmál sem heyra undir ráðuneytið svo sem málefni lista og menningararfs, útvarps- og sjónvarpsmál, höfundarréttarmál og mál er varða íþrótta- og æskulýðsstarfsemi.

Á verksviði skrifstofunnar eru m.a. opinber söfn, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íþróttanefnd og Æskulýðsráð ríkisins.

Önnur atriði.

Ráðuneytið er ein heild. Skrifstofur og stoðsvið hafa forræði á sínum málaflokkum eftir því sem efni standa til, en ráðuneytisstjóri annast samræmingu á starfsemi skrifstofanna og hefur yfirumsjón með þeim.

Skrifstofustjórar sjá um að vinnsla og undirbúningur verkefna og forvinna fyrir ákvarðanir sé fullnægjandi. Þeir sjá um miðlun upplýsinga til ráðherra og ráðuneytisstjóra.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 211 frá 7. maí 1990, um skipulag menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðuneytið, 20. ágúst 1993.

Ólafur G. Einarsson

Guðríður Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

**um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í
septembermánuði 1993.**

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í septembermánuði 1993 verið ákveðið sem hér segir:

1. Skreið Útborgun 8,3%

Ofangreind útborgun er af reikningi deildar fyrir viðkomandi afurð úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurðar í septembermánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. ágúst 1993.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Gylfi Gautur Pétursson.